

Viðmiðunarreglur vegna greiðslna fyrir námsvist í grunnskóla í öðrum sveitarfélögum

Dalvíkurbyggð gerir ráð fyrir að nemendur með lögheimili í sveitarfélaginu sækji grunnskólanám í Grunnskóla Dalvíkurbyggðar. Viðmiðunarreglur þessar eru viðbót við viðmiðunarreglur Sambands íslenskra sveitarfélaga um greiðslur vegna nemenda sem stunda nám utan sveitarfélags. Eftirfarandi viðmið hefur sveitarfélagið sett sér vegna greiðslna á námsvist í öðrum sveitarfélögum en almennt er miðað við að lögheimili sé flutt þegar flutningur á sér stað.

- Sveitarfélagið getur samþykkt að greiða þó lögheimilisflutningur standi ekki fyrir dyrum ef um er að ræða börn námsmanna, í lánshæfu námi, sem tímabundið stunda nám fjarri lögheimili, börn þingmanna og börn foreldra sem eru með sameiginlegt forræði. Umsóknir vegna þessa þurfa að hafa borist fræðslusviði fyrir 15. apríl ár hvert.
- Einnig greiðir Dalvíkurbyggð námsvist þegar um er að ræða úrræði fyrir nemendur sem að mati sérfræðipjónustu sveitarfélagsins þurfa á námsvistun að halda í öðru sveitarfélagi.

*Samþykkt á fundi fræðsluráðs þann 9. september 2009
Staðfest á fundi bæjarstjórnar þann 15. september 2009*